

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10, 150 Rvk

**Efni: Umsögn um tillögu til lagabreytingu á lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.
Þingskjal 566 - 433. mál.**

Kæra Velferðanefnd

Umhyggja þakkar boð um að senda inn umsögn um ofangreint mál og fagnar umræddu frumvarpi.


Börn sem eru talin langveik fá gjarnan þjónustu á vegum margra fagaðila og þjónustustofnana. Margir í hópnunum fá meðferð á vegum heilbrigðisstarfsfólks utan hefðbundinna heilbrigðisstofnana og jafnvel í heimahúsum. Langveik börn dvelja í seinni tíð í meira mæli heima hjá fjölskyldu sinni í stað þess að leggjast inn á sjúkrahús. Þetta telur Umhyggja jákvæða þróun þegar það á við. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi réttindi fyrir þennan viðkvæma hóp barna.

Upp geta komið fylgikvillar, aukaverkanir eða mistök á meðan meðferð er veitt. Það getur leitt til skaða (tjóns) fyrir viðkomandi einstakling. Þá er mikilvægt að til sé leið, t.d. í samræmi við lög um sjúklingatryggingu fyrir barn eða fjölskyldu þess, og að sú trygging nái yfir alla þá vinnustaði og þau þjónustukerfi, sem veita þjónustuna.

Starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hafa leitast eftir að fá úr þessari baktryggingu bætt fyrir skjólstæðinga sína. Þar er meðal annars veitt þjónusta fyrir börn með langvinna sjúkdóma og skerta færni. Sú meðferð sem telst í mörgum tilvikum heyra undir heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir það er Greiningarstöðin ekki skilgreind sem heilbrigðisstofnun og hefur heyrt undir félagsmálahluta Velferðaráðuneytis. Þess má geta að flestir starfsmenn Greiningarstöðvar eru skilgreindir sem heilbrigðistarfsfólk með löggildingu frá Embætti Landlæknis. Frumvarp um breytingu á lögum þessum, getur bætt heilbræna þjónustu sem til dæmis stefnt er að veita fyrir skjólstæðinga Greiningarstöðvar, þar með talið þjónustu við mörg langveik börn á Íslandi.

Stjórn Umhyggju telur að frumvarp þetta komi til með að gagnast langveikum börnum og fjölskyldum þeirra.

Virðingafyllt, fyrir hönd Umhyggju,



Ingólfur Einarsson, formaður Umhyggju
ingolfure@gmail.com